

Mánudagur 15.maí 2023

Mættir: Trostan, Kristvina, Þyrey, Sigrún Gylfa, Birna, Trausti Helgi, Bríet

Hugmyndir fyrir næsta skólaár:

1. Opinn fundur skólaráðs, hægt að tengja þetta við haustfundi til að reyna að fá sem besta mætingu. Skipuleggja þennan fund í framhaldi af haustfundum bekkja þar sem ætlast er til að það komi a.m.k. einn frá hverju heimili. Tímasetning á starfsdögum í upphafi skólaárs ca. 20. ágúst. Jafnvel að vera líka með aðalfund foreldrafélagsins. Eða að hafa fundi í framhaldi af skólasetningu miðvikudaginn 23.ágúst.
 - Bekkjafundur í hverjum bekk, ca. 30-60 mín. Námsefniskynning, markmiðssetning, kynning á skólaárinu. Foreldrar og nemendur.
 - Kaffi (mögulega fjáröflun fyrir 10.bekk)
 - Opinn fundur skólaráðs

Umræðuefni á fundinum: Skólasamfélagið, hvað er framundan, skipulag, hverju þarf að breyta/bæta. tæknimál, samfélagsmiðlar, breyttir tímar í samfélaginu, breytingar á milli ára, fara yfir skóladagatalið, kynna skólaráð, hverjir eru í skólaráði og hvað gerir skólaráð, framkvæmdir á skólahúsnæði, sjá punkta í skýrslu ef vantar hugmyndir að umræðupunktum.

Viljum við bjóða einhverjum fleirum að koma að og vera með umræður t.d. fyrirtækjum?

Hvað viljum við ræða? Sjá punkta að ofan. Talið heppilegt að skipta fólki niður í umræðuhópa til þess að sem flestar hugmyndir fái hljómgrunn og umræður.

Tímasetning fyrir foreldrafundi: í lok sept.

2. Skóladagatal: Fræðsluráð tekur þetta fyrir á fyrsta fundi í júní. Samræma dagatölin þannig að það verði ákveðinn rammi sem allir skólar í Skagafirði fara eftir. Erfiðara að breyta dagatalinu eftir á.

3. Verðlaunaafhendingar á skólaslitum

Fækka verðlaunum, veita verðlaun fyrir heildarárangur. Bókagjöf og svo ein alhliðaverðlaun. Verið er að samræma þetta á milli skóla í Skagafirði.